
Fjallað um frumvarp að nýrri kirkjuhandbók

KIRKJUÞING hóf störf í gær, *föstudag, með guðsþjónustu í Hallgrímskirkju.* Þingið kemur saman annað hvert ár og eru þingmenn sautján talsins. Aðalmál þingsins að þessu sinni verður frumvarp að nýrri handbók kirkjunnar, sem samþykkt var mótatkvæðalaust í öllum grundvallaratriðum á presta-



Frá setningu kirkjuþings, f.v.: Friðjón Þórðarson kirkjumálaráðherra, Gunnar Thoroddsen forsætisráðherra og herra Sigurbjörn Einarsson biskup.

stefnunni í vor. Hafa verið gerðar nokkrar orðalagsbreytingar og ennfremur tekið tillit til óska prestastefnunnar um form skírnar fermingar og annarra sérathafna kirkjunnar.

Handbókarfrumvarpið hefur verið alllengi í bígerð. Drög að nýrri handbók voru send út til reynslu 1976 og síðasta kirkjuþing skipaði síðan ellefu manna nefnd guðfræðinga og tónlistarmanna undir forystu dr. Einars Sigurbjörnssonar, sem lagði fram frumvarpið í vor. Var samstaða í nefndinni um frumvarpið.

Helztu breytingar í formi messunnar samkvæmt frumvarpinu, eru, að teknir eru upp aftur þættir sem felldir voru niður á síðustu öldum, en eru í messuformi allra lútherskra kirkna. Íslendingar þekkja þá þó vel, því þeir eru í hátíðarsöngvum kirkjunnar eins og sr. Bjarni Þorsteinsson hefur tónsett þá. Má þar nefna Kyrie (miskunnarbæn), Gloría (dýrðarsöngur) o.fl. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir fleiri valkostum við helgihald kirkjunnar, sérstaklega hvað tónlistina áhrærir. Má að sjálfsögðu hafa áfram tónsöngva Sigfúsar Einarssonar og Bjarna Þorsteinssonar svo og hinn klassíska tónsöng, sem oft er nefndur gregorískur. Æskilegt þykir að fá einnig nýjan tónsöng og hafa Norðmenn til dæmis fengið tónskáldum það verkefni í hendur.

Allmörg mál verða væntanlega lögð fram á kirkjuþingi. Milliþinganefnd mun skila áliti um tillögu um stjórn og skipan prófastsdæma frá síðasta kirkjuþingi. Nefndir, sem kanna fræðslumál kirkjunnar, munu einnig gefa skýrslu.

Kirkjuþing mun starfa formlega um tveggja vikna skeið og er Hallgrímskirkja *þinghús* þess. Auk kirkjumálaráðherra og biskups, sem er forseti þingsins, eru fjórtán fulltrúar kjörnir úr hinum sjö kjördæmum landsins og einn frá guðfræðideild Háskólans. Sr. Trausti Pétursson, prófastur, predikaði við setningu þingsins, en kór Langholtskirkju leiddi sönginn og fylgdi þar hinum nýju tillögum að messuformi.

Eftirtaldir aðilar sitja kirkjuþing auk hr. Sigurbjörns Einarssonar biskups og Friðjóns Þórðarsonar kirkjumálaráðherra: Sr. Eiríkur J. Eiríksson, prófastur Þingvöllum, sr. Jón Einarsson, Saurbæ, sr. Jónas Gíslason, dósent Reykjavík, sr. Pétur Þ. Ingjaldsson, prófastur Skagaströnd, sr. Sigurður Guðmundsson, prófastur Grenjaðarstað, sr. Lárus Þ. Guðmundsson, prófastur Holti, sr. Trausti Pétursson, prófastur Djúpavogi, sr. Þorbergur Kristjánsson, Kópavogi, Gunnlaugur Finnsson, Flateyri, Helgi Rafn Traustason, Sauðárkróki, Hermann Þorsteinsson, Reykjavík, Jóhanna Vigfúsdóttir, Hellissandi, Margrét Gísladóttir, Egilsstöðum, Jón Hjálmarsson, Villingadal fyrir Óskar Sigurbjörnsson, Ólafsfirði, og Jón Guðmundsson, Fjalli, fyrir Þórð Tómasson, Skógum.



Fæðingarheimilið við Eiríksgötu.

Vilja valfrelsi milli fæðingarstofnana

Undirskriftasöfnun í gangi gegn sölu Fæðingarheimilisins

„MARKMIÐ okkar með þessum mótmælum er, að við viljum að konur geti valið á milli stofnananna, þ.e. á hvorri þeirra þær ætla að ala börn sín og vera með þeim fyrstu vikuna," sagði Ólafía Sveinsdóttir, er Mbl. hafði samband við hana í gær, en hún er málsvari áhugamannahóps um áframhaldandi óbreyttan rekstur Fæðingarheimilis Reykjavíkurborgar og að það verði áfram í eigu borgarinnar. Umræður hafa verið í borgarráði og borgarstjórn um að selja ríkinu Fæðingarheimilið vegna fjárhagserfiðleika og telja áhugamenn að með samruna stofnananna verði Fæðingarheimilið aðeins notað sem sængurkvennadeild fyrir Fæðingardeild Landspítalans. Áhugamenn hafa ákveðið að gangast fyrir undirskriftasöfnun til að mótmæla harðlega áðurnefndum breytingum og einnig er fyrirhugað að halda fund um málið.

Í fréttatilkynningu frá áhugamannahópnum um málið segir m.a.: „Við getum ekki séð, að skynsamlegt sé að breyta rekstrinum nú, þegar nýting er góð. Við fáum ekki heldur séð, hvernig hægt verður að anna öllum fæðandi konum af Stór-Reykjavíkursvæðinu og víðar að ..." Þá segir: „Salan yrði mikil afturför í heilbrigðismálum hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu og reyndar víðar."

Ólafía sagðist vilja leggja áherslu á, að ekki væri með þessu verið að deila á ágæti fæðingardeildar Landspítalans, en það væri staðreynd, að með samruna þessara stofnana yrði rekstri Fæðingarheimilisins breytt í þá veru að þar yrði aðeins legudeild, en konur yrðu látnar fæða á Landspítalanum, *og sagðist hún* hafa sannfrétt það frá ábyrgum aðilum. Þá sagði hún: „Allt tal um að Fæðingarheimilið eigi að halda áfram rekstri sínum, án nokkurra breytinga er hreint fals, sem við trúum ekki á. Við munum leggja mikla áherslu á undirskriftasöfnunina og ætlum einnig að boða til fundar um málið fljótlega.

Undirskriftalistar munu liggja frammi í heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu, mæðradeild Heilsuverndarstöðvarinnar og nokkrum verslunum, sem versla með ungbarnafatnað. Þá geta þeir sem áhuga hafa á að aðstoða við undirskriftasöfnunina haft samband við Ólafíu Sveinsdóttur eða Sigrúnu Davíðsdóttur.

Lögráðamenn ábyrgir fyrir skattinum

— greiði börnin hann ekki sjálf

„Í SKATTALÖGUNUM er gert ráð fyrir því að forráðamenn eða lögráðamenn barna séu ábyrgir fyrir þessum sköttum, þannig að ég geri ráð fyrir að innheimtumenn snúi sér til þeirra komi greiðslur ekki eins og til er ætlast." — Þetta var svar Guðmundar Vignis Jósefssonar gjaldheimtustjóra í gær, er Morgunblaðið spurði hvernig yrði farið með innheimtu barna-skatta í þeim tilvikum er gjaldendur ekki stæðu í skilum.

Guðmundur sagði, að foreldrar væru væntanlega báðir ábyrgir fyrir gjöldum þeirra, en gjaldheimtuna kvað hann ekki enn sem komið er hafa velt því mikið fyrir sér hvernig yrði farið með slík mál. „En ljóst er að ekki verður gert lögtak í hljómflutningstækjum eða öðrum eigum barna nema lögráðamenn bendi sérstaklega á þá hluti," sagði *Guðmundur Vignir* aðspurður. „En við erum nú enn ekki farnir að gera því skóna að yfirleitt verði gert lögtak hjá einum eða neinum vegna þessa, enda eru þessi gjöld ekki gjaldfallin enn sem komið er."

Að vera aldrei ánægður er frumskilyrði þess að menn reyni að gera betur

RÆTT VIÐ BRAGA ÁSGEIRSSON Á SÝNINGUNNI Á KJARVALSSTÖÐUM

Kjarvalsstaðir við Miklatún í Reykjavík hafa verið í sviðsljósinu undanfarna daga — eins og raunar oft áður — að þessu sinni vegna umfangsmikillar og athyglisverðrar yfirlitssýningar frá 33ja ára listamannsferli Braga Ásgeirssonar. Blaðamaður Morgunblaðsins lagði leið sína að Kjarvalsstöðum í vikunni, og hitti Braga þar að máli, sem hann leit eftir að allt færi eins og best yrði á kosið á sýningunni. Bragi var fyrst spurður hvort hann væri ánægður með listferil sinn er hann nú liti yfir sýninguna, sem tæki til mynda frá meira en þrjátíu ára tímabili.

„Nei, ég er ekki ánægður," sagði Bragi, „enda er það hættulegt að vera ánægður. Frumskilyrði þess að menn haldi áfram og reyni að gera betur, er að menn séu ekki ánægðir og hafi hið innra með sér vissu um að þeir geti betur en þeir hafa enn gert."

— Eru listamenn þá, eða mega þeir, aldrei vera ánægðir?

„Jú, jú, listamaður má vera ánægður, t.d. sérstaklega með konuna sína."

— Er eitthvað það sem þér finnst þú hafa gleymt á ferli þínum sem málari, er eitthvað sem þú saknar að hafa ekki lagt meiri rækt við?

„Það er fjölmargt sem ég vildi hafa sinnt betur, ótalmargt. Ég hefði til dæmis viljað vinna meira í grafík og að veggmyndagerð, svo aðeins tvö dæmi séu tekin."

— Þú hefur látið hafa eftir þér, að þú vonist til að eiga enn fyrir höndum þrjátíu og þrjú ár í listinni. Að hverju ætlar þú að einbeita þér á þeim tíma?

„Áætlanir hef ég nú aldrei gert fyrirfram, ég held bara áfram eins og andinn blæs mér í brjóst hverju sinni. Það sem mér finnst hins vegar skemmtilegast við þessa sýningu, er að sjá hve miklar breytingar hafa orðið á myndum mínum, frá hinni fyrstu til þeirrar síðustu. Þær breytingar hafa orðið alveg án þess að ég hafi fyrirfram ákveðið að breyta stíl mínum.

Í maí fyrr á þessu ári var ég í útlöndum, og kom þá meðal annars til Kaupmannahafnar, Svíþjóðar og Þýskalands, og sá þá meðal annars nýjustu „tískulitina í verzlunum." Ég hefði gaman af að fást við að mála myndir í tískulitum dagsins, en það hef ég aldrei gert áður. Þar er raunverulega um það að ræða að litasmekkurinn er fjarstýrður að verulegu leyti af tískuhönnuðum sem gefa línuna. Það væri gaman að prófa slíkt eitthvað, og raunar er ég þegar byrjaður á myndum í þeim dúr. Þær áttu að vera á þessari sýningu, en mér tókst ekki að ljúka þeim í tíma."



Bragi við tvær mynda sinna á sýningunni á Kjarvalsstöðum: Sveitastúlkan og Jóhanna. Þær eru báðar frá árinu 1952.

— Hvernig er íslensk myndlist um þessar mundir? Er ástæða til bjartsýni fyrir hennar hönd?

„Mér finnst hún bera of mikinn keim af meðalmennsku, ekki nægilega krassandi og átakamikil. Það er eins og menn þori ekki að taka áhættu í listinni. Ef til vill er þetta skólakerfinu að kenna, ég veit það ekki, en það vantar blóð, svita og tár í listina um þessar mundir.

— Nei, ég held ekki að það sé vegna þess að listamenn hafi það of gott. Ég hef aldrei haft nógu góð skilyrði, og hef það ekki enn, brauðstritið hefur verið hart en máli skiptir að ég er enn ofan jarðar. Skilyrðin mættu vera betri, þau eru ekki nógu góð, þó listamennirnir séu það ef til vill ekki heldur á þessum síðustu tímum. Þetta ber þó alls ekki að skoðast sem gagnrýni á ungt fólk eingöngu, og takmarkast ekki við Ísland heldur. Þess sjást merki um allan heim að það vantar einhvern neista í listina. Ég er því fyrir sumt ekkert sérlega bjartsýnn á framtíðina, en við verðum þó að vera það, þó ekki væri nema til þess að gera annað fólk bjartsýnt!"

— Að síðustu Bragi, hvar telur þú að mest sé um að vera í myndlist í heiminum nú?

„Því er erfitt að svara, mjög erfitt. — Réttast er þó líklega að segja að það sé hér á Kjarvalsstöðum þessa dagana!"

— AH.